

Fundur 23.9.2024 Si Ching frá Kína uppi um 1300 ca.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Hef ég áður á ykkar fund komið og fylgir okkur mikil orka.

Minnist ég þess að kom ég fram á ykkar fundi og gat ekki nefnt nafn mitt og var þá annar miðill.

En starfa ég hér og orka píramídana sé með ykkur og starfa ég hér og leit ég snemma upp til stjarnanna og sá ég undur þeirra og hef nú yfirunnið allar þær hömlur sem settu okkur skorður í gegn um fjölmörg jarðvistar tímabil.

Og störfum á kærleikans vegum, og varð ég þess var, er ég hafði samband við ykkur í gegnum annan miðil, að fann ég þá nákvæmlega með næmleika mínum og okkur sem hér erum á þessum hnetti.

Hvernig stilliafl þjóðar ykkar og hnattar ykkar hafði breyst, frá því við komum fyrst í sambandið við ykkar land og ykkar sambandsfund, þegar félag ykkar var nýstofnað og annar miðill var þá starfandi.

Og fundum við hvernig hughrifin í þjóðfélaginu höfðu breyst á þeim rúmlega tuttugu árum, og eru nú enn liðin svo mörg ár og fleiri til og finnum við nú enn breytingu á hugarfari hnattar ykkar og þjóðar ykkar og sumt er það til bóta og annað svo ekki mjög til bóta.

En það er nú eins og gerist og gengur, ekki verður við allt ráðið, en við vinnum úr því og fannst mér það miður að tal mitt kom seint í gegn og ekki gat ég lokið lýsingum mínum, þegar ég kom síðast á fund ykkar, en ætla ég nú að reyna betur.

Byrjaði ég á því að lýsa því yfir að ekki er ég í nokkrum vafa um kenningar dr. Helga Pjeturss, en komst ég ekki mikið lengra en það, en kom því að, að ég er kínverskur læknir, en kom því ekki að, að ég var uppi meðal keisaranna, og tók það mig margar jarðvistir að komast á framfara leiðina.

En þegar ég komst á framfara leiðina, þá varð það mér áhugaefni að taka þátt í félagskap þeim sem hafði það að markmiði að efla sambandið við aðra hnetti og var það félag ekki ósvipað ykkar félagi.

Já ekki get ég farið út í fortíðina að öllu leiti, en er hér orka okkar mikil og viljum við leyfa ykkur að njóta af henni og friðsamlega sambúðin hnattanna á milli og tilheyri lífstefnu mannkyni og erum við hluti af þeim fjölmörgu sem vilja hjálpa og gera okkar besta.

Ég gleymi ekki þeim góðu miðlum sem með ykkur hafa starfað og öðrum sitjurum og höfum við reynt að senda þeim orku á þeim hnöttum sem þeir eru nú staddir að vinna að fjölmörgum verkefnum sínum á þeim stað.

Og er nú orkan enn þá of ólík til þess að mér sé það unnt að vera lengi í sambandinu, en var ég uppi, fyrir um það bil 700 hundruð, fyrir meira en sjö hundruð árum í Kína og reyni að koma síðar.

Er nafn mitt Si Ching,

*Þú hefur þá verið uppi um þrettán hundruð ?*

Já um það bil, þakka ég fyrir mig og reyni að efla ykkur best, verið þið sæl.

*Ég þakka þér fyrir komuna, vertu blessaður.*